

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags Íslenskra atvinnuflugmanna
haldinn þriðjudaginn 14. maí 2013 kl. 14:00 í húsakynnum FÍA
Hlíðarsmára 8.**



Haukur Reynisson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags Íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Hafsteinn Pálsson formaður FÍA yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundastjóri fór yfir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram. Fundurinn var því lýstur lögmatum og gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Haukur Reynisson stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar. Hann greindi frá því að sjóðurinn er aðili að „Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða“ sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tillgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði laga nr. 129/1997 um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum. Alls greiddu 585 sjóðfélagar í sjóðinn og hækkuðu greiðslur um 5,2%. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hækkuðu um 6,4% og námu 737 milljónum króna en lífeyrisþegar voru 163 á árinu. Í árslok 2012 áttu 856 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 8,6 milljónir á árinu 2012.

Á árinu voru réttindi sjóðfélaga skert um 9%. Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 5,42% á árinu, sem má teljast góð niðurstaða miðað við 3,5% viðmið skuldbindinga. Haukur sagði að hafa bæri í huga að erlendar eignir sjóðsins væru einungis 6,68% af heildareignum sjóðsins sem yrði að teljast lágt hlutfall. Því tók sjóðurinn ekki þátt í skuldabréfaútboði Seðlabanka Íslands þrátt fyrir að það hefði haft jákvæð skammtímaáhrif áávöxtun sjóðsins. Það var mat stjórnar að hagsmunum sjóðsins til lengri tíma væri betur borgið með því að rýra ekki hlutfall erlendra eigna.

Hrein eign sjóðsins var í árslok 2012 kr. 20.373 milljónir og hefur hækkað á árinu úr kr. 18.187 milljónum eða um kr. 2.186 milljónir.

Þá fór Haukur yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, var heildarskuldbinding 36.280 milljónir og heildareignir 33.771 milljónir. En Haukur benti á að hækkun á lífslíkum telur 1,2% var miðað við árin 2007-2011. Því er heildar tryggingafræðileg staða neikvæð upp á 6,9%.

Því næst fór Haukur yfir þá breytingu er varð á rekstri sjóðsins. Nýr rekstrarsamningur var gerður við Arion banka, sem tók við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Yfirfærsla sjóðsins til Arion banka gekk mjög vel. Í máli Hauks kom fram að eignastýring sjóðsins hafi verið bætt til muna og áhættustjórnun væri í samræmi við yfstrustu kröfur FME. Enginn starfsmaður starfaði hjá sjóðnum á árinu. Jón L. Árnason er framkvæmdarstjóri sjóðsins, hann tók við af Haraldi Yngva Péturssyni um síðustu áramót.

Því næst fór Haukur yfir áhrifaþætti á afkomu og rekstur sjóðsins. Í máli hans kom fram að gjaldeyrishöftin, aukin kostnaður vegna opinberra aðilla, ný skattlagning á lífeyrissjóði (Virk endurhæfing) og lágt hlutfall erlendra eigna væru stórir áhrifaþættir á rekstur og afkomu sjóðsins. Einnig sagði hann að pólitískur þrýstingur á lífeyrissjóði væri á þann veg að þeim bæri að afskrifa skuldir lántakenda þrátt fyrir að stjórnin hafi ekki heimild til að afskrifa innheimtanlegar kröfur. Hækkun lífaldurs, verðtrygging lífeyrisréttinda og takmarkað framboð á viðunandi fjárfestingakostum væru einnig stórir áhrifaþættir hjá sjóðnum, því væri erfitt fyrir sjóð eins og EFÍA að ná 3,5% raunávöxtun.

Haukur sagði frá því að á ársfundi sjóðsins í fyrra var lagt til og samþykkt í alsherjaatkvæðagreiðslu að tryggingafærðileg staða sjóðsins yrði sett í jafnvægi á árunum 2012 og 2013. Og þrátt fyrir góða raunávöxtun náðist ekki að bæta heildarstöðu sjóðsins, því mun skerðing nema 11,2% að þessu sinni. En Haukur benti á að Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur muni fara yfir niðurstöður síðar á fundinum. Stjórnin leggur til að skert verði um 1,6% á mánuði frá og með næstu mánaðarmótum og til ársloka.

Í lokin greindi Haukur frá því að 16. apríl 2013 hafi sjóðnum verið send staðfesting frá Ríkissaksóknara að mál lögreglu og ákærvalds nr. 090-2009-10 er varðar kæru Fjármálaeftirlitsins til embættis sérstaks saksóknara á hendur Eftirlaunasjóði FÍA hafi verið felld niður með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

2. Ársreikningur 2012

Kristinn Freyr Kristinsson endurskoðandi PwC fór yfir ársreikning sjóðsins. Í máli hans kom fram að áritun endurskoðanda væri án fyrirvara. Hann fór yfir breytingu á hreinni eign milli ára en breytingin var jákvæð um 2,2 milljarða. Hrein eign í árslok var 20,3 milljarðar. Þá fór Kristinn yfir efnahagsreikning og sjóðsstreymi sjóðsins vegna ársins 2012. Í máli hans kom fram að áfallinn staða væri neikvæð um 16,1% í lok árs.

Þá fór Kristinn yfir helstu kennitölur í ársreikningi sjóðsins. Hrein raunávöxtun var 5,42% á síðasta ári en meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðinn 10 ár er -3,34%.

Það var álit Kristins að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans miðað við 31. desember 2012 og handbært fé á árinu 2012, í samræmi við reglur um ársreikning lífeyrissjóða og lög um ársreikninga.

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka tók næstur til máls. Hann fór yfir þróun verðbréfamarkaða, ávöxtun og fjárfestingar sjóðsins. Marinó fór yfir markaðsaðstæður, í máli hans kom fram að ágætis ávöxtun hefði verið á öllum eignaflokkum sjóðsins.

Nafnávöxtun ársins 2012 var 10,2% og raunávöxtun 5,4% á kaupkröfu. Marinó fór yfir sundurbrot ávöxtunar í hverjum eignaflokki fyrir sig þ.e.a.s framlag hvers flokks til ávöxtunar.

Í máli Marinós kom fram að það þurfi að fara aftur til 2006 til að sjá jafngóðar ávöxtunartölur og á síðasta ári. Meðal ávöxtun frá árinu 1997 – 2012 er 2.4%.

Því næst fór Marinó yfir ávöxtunina samanborið við ávöxtun annara lífeyrissjóða. Benti hann á að það þarf að hafa tvennt í huga í sambandi við þennan samanburð. Annars vegar að sumir lífeyrissjóðir gerðu upp gjaldeyrissamninga á árinu 2012, sem valda hækkingu í ávöxtun þeirra sjóða. Hins vegar að skuldabréf eru ekki gerð upp á markaðsvirði og því hefur velta skuldabréfa lífeyrissjóða áhrif á hvernig ávöxtun þeirra bókast.

Marinó fór yfir samsetningar skuldabréfa og innlendra hlutabréfa í sjóðnum og bar saman við vísitölur. Lítil velta var á eignasafni sjóðsins á árinu.

Marinó fór stuttlega yfir árið 2013, ekki er gert ráð fyrir eins hárrí ávöxtun eins og árið 2012. Samt sem áður fer árið vel af stað, en meðal annars er sjóðurinn með aðeins hærra hlutfall í hlutabréfum, 10-11%, en lífeyrissjóðir í heild eru í kringum 7%.

3. Tryggingafræðileg staða

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur fór yfir tryggingafræðilega athugun á sjóðnum fyrir árið 2012. Hann byrjaði á því að fara yfir hvað tryggingafræðileg úttekt væri þ.e.a.s að sjóðfélagar hafa fengið vilyrði um lífeyrisgreiðslur sem sjóðurinn þarf að eiga eignir fyrir, til að geta greitt þann lífeyri sem búið er að skrá í réttindabókhalda. Tryggingafræðingur reiknar hversu miklar þessar eignir þurfa að vera til að eiga fyrir skuldbindingum sjóðsins. Mælt væri fyrir um það í lögum hvernig staðið skuli að þessu

mati. Vigfús sagði að nú væri verið að miða við lífslíkur af reynslu árána 2007-2011. Meðalbreyting hjá lífeyrissjóðum er um 1% í tryggingafræðilegri stöðu á hverju ári.

Þá fór Vigfús yfir áfallna stöðu sjóðsins sem væri neikvæð um -10,6%, framtíðarstaða væri -0,8% og heildarstaða -6,9% sem þýddi að réttindatöflur sjóðsins væru í nokkuð góðu lagi. Breytingin á áfallinni skuldbindingu væri 9,9% árið 2012 eða 2.022 milljóna hækkan. En eins og formaður stjórnar benti á væri óumflýjanleg 11,2% skerðing, en eftir það væri þetta einn fárra sjóða á landinu sem væri með stöðuna í jafnvægi.

Því næst fór Vigfús yfir fjöldataölur, aldurs- og réttindadreifingu í sjóðnum. Virkir sjóðfélagar væru 571, óvirkir 119, ellilífeyrisþegar væru 107, örorkulífeyrisþegar væru 10, makalífeyrisþegar 30 og barnalífeyrisþegar 19.

Vigfús þakkaði áheyrnina og fundarstjóri opnaði á spurningar frá sjóðfélögum um skýrslu stjórnar, ársreikning og tryggingafræðilega stöðu.

Gylfi Jónsson „Hvers vegna voru ekki seldar erlendar eignir sjóðsins fyrir aflandskrónur?“

Marinó svaraði „Að það hefði verið hægt að eiga eða selja 5% af eignum sjóðsins sem væru í erlendum eignum, það myndi auka íslensku krónurnar í sjóðnum, en ekki væri hægt að kaupa í gjaldeyrisútboðum. Við höfum talið líklegt að erlendar eignir verði meira virði seinna meir, en held að tíminn vinni með okkur í því.

Haukur svaraði „Að stjórnin hafi staðið frammi fyrir þessari ákvörðun á árinu, og metið það svo að betra væri að eiga erlendu eignirnar en að selja vegna lágs hlutfalls erlendra eigna sjóðsins“.

Sigríður Einarsdóttir „Eru allir sjóðir að gera það sama og EFÍA, með tilliti til skerðingar?“

Haukur svaraði að EFÍA væri að klára skerðinguna á 5 árum eins og lög gerðu ráð fyrir og bætti við að sumir sjóðir væru ekki byrjaðir.

Haukur benti einnig á að tekin hefði verið upp aldurstengd réttindaávinnsla á þessum tíma og að sjóðurinn væri hugsanleg í enn verri stöðu ef það hefði ekki verið gert.

Rúnar Guðbjartsson „Hvað er hæstu raunávöxtun á skuldabréfi í útreikningi hjá Tryggingastærðfræðingi?“

Vigfús svaraði „Að hann myndi reikna út hvað sjóðurinn þyrfti að eiga miklar eignir til þess að geta borgað skuldbindingarnar, en ekki væri sett ákveðin raunávöxtun á

skuldabréfin í útreikninginn. Það væri misjafnt eftir hverju bréfi fyrir sig hvert virði þeirra væri.“

Guðmundur J Ólafsson „Hver er heildarskerðing EFÍA eftir að þessi skerðing yrði tekin?“

Haukur svaraði að heildar skerðingin yrði 38% en taka bæri tillit til þess að inni í þeirri tölu væru verðbætur.

Guðmundur J Ólafsson „Hvað eru aðrir lífeyrissjóðir búnir að skerða mikið?“

Vigfús svaraði að EFÍA og Lífeyrissjóður Verkfræðinga væru búnir að skerða mest af öllum lífeyrissjóðum í landinu. En á síðasta ári var tekin afstaða til þess að ganga í þessar skerðingar á árinu 2012 og 2013. Og samkvæmt hans útreikningum þarf að skerða 11.2% að þessu sinni til að sjóðurinn komist í jafnvægi.

Guðmundur J. Ólafsson „Ef allt flug dettur niður á Íslandi á sjóðurinn ekki fyrir þessum skuldbindingum?“

Vigfús svaraði „Að til þess væri leikurinn gerður, það væri bundið í lög og reglugerðir að tryggingaúttekt yrði að gera á hverju ári. Þar er tekið mið af því ef sjóðurinn myndi t.d. bara loka. En það hefur ekkert með flug á Íslandi að gera.“

Magnús Brimar Jóhannsson „Eru tryggingaréttindi í sjóðnum of mikil?“

Vigfús svaraði „Já t.d. væri ævilangur makalífeyrir hjá EFÍA og að barnalífeyri væri einnig í lengri tíma en gengur og gerist í öðrum sjóðum“.

Sigríður Einarsdóttir „Hvað töpuðum við miklu í hruninu?“

Haukur svaraði að tapið væri um 38%. En sum árin fyrir hrun, voru heldur ekki með góðar ávöxtunartölur.

Marinó svaraði „Að það væri mjög erfitt að segja til um krónutöluna sem tapaðist í hruninu. Hvort á að taka verðið sem keypt var fyrir eða það markaðsvirði sem var síðustu mánuðina fyrir hrun?“

Jóhann Tryggvason „Hvað væri skerðingin mikil ef væri miðað við neysluvísitöluna?“

Haukur svaraði „Að verðtryggingin telji um 31% og því krónutöluskerðing hafi í raun verið um 7%.“

Gylfi Magnússon „Við hvað er miðað við lífaldur sem reiknað er með í tryggingafræðilegu úttektinni?“

Vigfús svaraði „Að drengur við fæðingu nái 80 ára aldri og að kona næði 83 ára aldri. Síðan eru teknar inn lífslíkur flugmanna, kvenna og karla. Lífaldur mun aukast með árunum og hefur gert síðustu árin. Hækkunin er sirka 1% í tryggingafræðilegri stöðu á hverju ári hjá lífeyrissjóðunum“

Sigríður Einarsdóttir „Spyr um ávöxtun sjóðsins, hangir hún ekki á innlendum hlutabréfum og væri ekki spurning um að eiga ekki of stóra hluti í Icelandair?“ „og hvort að rétt væri að sjóðurinn ætti í félagi sem flugmenn væru að vinna hjá?“

Marinó svaraði „Við nýttum okkur forkaupsrétt í Icelandair, en höfum minnkað hlutinn smátt og smátt. Nú væri sirka 3% af eignum sjóðsins í Icelandair“

Guðmundur J Ólafsson „ Hefur verið reynt að sækja einhverja peninga til Icelandair?“ Því margir flugmenn hafa í gegnum tíðina unnið frítt hjá þeim í mörg ár.

Haukur svaraði „ Þakka fyrir ábendinguna og við tókum við henni“

Ámundi H. Ólafsson „Þessi sjóður hefur verið duglegastur við það að skerða, hefði hún ekki mátt gerast á lengri tíma en þessi 5 ár,til þess að höggið komi ekki inná lítinn hóp manna“

Haukur sagði að þetta væri hárrétt hjá honum, en lífeyrissjóðirnir þurfa allir að fara eftir lögum. 5 ára ramminn er settur í lög. Hann gerir sér grein fyrir að þetta er verst fyrir lífeyrisþega, en benti jafnframt á að réttindi hans væri líka verið að skerða.

4. Fjárfestingarstefna

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins og þróun markaða á árinu 2013.

Marinó fór yfir breytingu á hverjum lið fyrir sig og benti á að um litlar breytingar væri að ræða á fjárfestingastefnunni. Einn nýr liður hafi verið settur inn um fjárfestingar í íbúðarhúsnæði E í kjölfar lagabreytinga.

Fundarstjóri opnaði á spurningar frá sjóðfélögum.

Sigríður Einarsdóttir „Hefur sjóðurinn leyst til sín íbúðarhúsnæði?“

Marinó svaraði að um væri að ræða lagabreytingu. Áður stóð að lífeyrissjóðir mættu ekki eiga húsnæði. En því var svo breytt. Áður fyrr voru lífeyrissjóðir á undarþágu þegar að þeir þurftu að leysa til sín húsnæði.

Ámundi H. Ólafsson spyr um vikmörkin á húsnæði. Væri ekki hægt að kaupa húsnæði og endurselja. Ef það eru fyrir hendi heimildir til þess, ætlið þið ekki að nota þær?

Marinó sagði að markmiðið núna væri að nota þær ekki fyrir íbúðarhúsnæði, en sjóðurinn á í fasteignasjóðum og fasteignafélögum. Hann sagði að sjóðurinn ætti til að mynda í fasteignasjóði sem á t.d. hlut í Nýherjahúsinu.

Ámundi H. Ólafsson spyr hvort að stjórn bankans tæki ákvörðun um að fjárfesta í húsnæði eða er það sjóðurinn sem ákveður það?"

Marinó sagði að samkvæmt rekstrarsamningnum væri það eignastýring sjóðsins sem tæki slíkar ákvarðanir, en eignastýringin þarf að fá samþykki stjórnar fyrir meiriháttar fjárfestingarákvörðunum.

Ámundi H. Ólafsson „Er þá ákveðið að sjóðurinn ætli ekki að kaupa húsnæði?"

Marinó svararði að það er ekki hægt að taka slíka ákvörðun nema að stjórn taki ákvörðun um það.

5. Val endurskoðanda

Haukur kynnti val endurskoðanda fyrir næsta ár. Í máli hans kom fram að stjórn hefur verið ánægð með samstarfið og vinnubrögð PricewaterhouseCoopers og mælir endurskoðunarnefnd sjóðsins með því að sjóðurinn haldi sig við þá. Var það samþykkt.

6. Samþykktarbreyting

Sturla stjórnarmaður fór yfir tillögur að samþykktarbreytingum sjóðsins. Hann byrjaði á að þakka fyrir mætinguna og góðar spurningar og ábendingar. Hann sagði að sjóðfélagar komi til með að kjósa um samþykktarbreytingarnar með skriflegum hætti. Hann gerði ráð fyrir einni eða tveimur spurningum á kjörseðli sem sendur yrði til sjóðsfélaga.

Fyrst fór hann yfir tillögu að breytingu sem kom frá félagsmanni. Greinin snýr að skiptingu makalífeyris sem er nú hemil að 53 ára aldri en tillagan hljóðar uppá að það yrði heimilað allt að 65 ára aldri. Stjórn sjóðsins er sammála þessari tillögu.

Því næst fór Sturla yfir samþykktarbreytingarnar lið fyrir lið. Hann sagði að um væri að ræða breytingar vegna meðal annars lagabreytinga, leiðréttingar, vísitölubreytingar og að ein tillaga kæmi frá sjóðfélaga. Að mestu væru þetta efnislegar breytingar. Engar breytingar á réttindakerfinu.

Fundarstjóri opnaði á spurningar frá sjóðfélögum.

Örnólfur „Var ekki rætt um að breyta maka og barnalífeyri?“

Haukur sagði að stjórnin ákvað að svo stöddu að fara ekki úti slíkar tillögur að breytingu á samþykktum sjóðsins.

Geirprúður „Getur flugmaður ekki greitt inni sjóðinn sem verktaki?“

Haukur sagði að stjórnin hafði ráðfært sig við FÍA og Magnús um hvort að það væri heimilt að greiða í inni sjóðinn sem verktaki. Rökin á móti væru að þetta væri vegna kjarasamninga, ef þú gefur einhverja undanþágu, þá væri verið að opna fyrir það á alla vegu.

7. Skipun stjórnar og stjórnarlaun

Haukur stjórnarformaður fór yfir skipun stjórnar. Stjórn FÍA skipar í stjórn fyrir hönd stéttarfélagins og verður breyting á þeim stjórnarmönnum, sem verða Sturla Ómarsson, Kristján Egilsson og Geirprúður Alfreðsdóttir. Þórhallur Haukur Reynisson gengur úr stjórninni.

Vinnuveitendur munu jafnframt gera breytingu á þeim mönnum er þeir hafa þegar skipað. Fulltrúar þeirra verða Bogi Nils Bogason og Kristín Björg Eysteinsdóttir. Hlynur Elísson gengur úr stjórninni en verður varamaður.

Haukur sagði að með þessu væri búið að uppfylla lagalegar kröfur um kynjakvóta í stjórnnum., sem taka gildi 1. september 2013.

Einnig var gerð breyting á varamönnum í stjórn þeir eru: Úlfar Henningsson, Hlynur Elísson, Linda Gunnarsdóttir, Íris Hulda Þórisdóttir og Guðlaugur Sigurðsson.

Haukur fór yfir tillögu að launum stjórnarmanna. Ekki var um breytingu að ræða frá fyrra ári.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	226.525 kr.
Fulltrúar FÍA	169.894 kr.
Fulltrúar atvinnurekenda	61.162 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	20.387 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Stjórnarmaður	20.387 kr.
---------------	------------

Tillaga stjórnar að launum stjórnarmanna var samþykkt.

8. Önnur mál

Haukur árétti það að öll lífeyrisréttindi hækka sjálfkrafa með verðtryggingunni. Hann benti á að takmarkað framboð væri á fjárfestingakostum, mjög erfitt væri að ná 3,5% raunávöxtun eins og lög gera ráð fyrir.

Sigríður Einarsdóttir „Fagna því að það séu konur í stjórn. Þó við séum ekki margar konurnar, ég hefði viljað sjá þetta gerast fyrr, áður en við fengum lög á okkur“

Sturla þakkaði Þórhalli Hauki fyrir mjög gott samstarf á liðnum árum og óskaði honum velfarnaðar.

Haukur þakki líka það traust sem honum hafi verið falið, og hann óski nýrri stjórn velfarnaðar.

Fundarstjóri, þakkaði Hauki einnig fyrir hans störf.

Fundi var slitið kl. 15:59



Hafsteinn Pálsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari